



Hreppsnefnd 14.03.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 14. mars 2002.

Fundur haldinn í hreppsnefnd fimmtudaginn 14. mars 2002 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt er mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 14. feb. sl. Samþykkt.

2. mál. Fundargerð stjórnar leiguíbúða aldraðra frá 25. feb. sl. Nokkur umræða var um fundargerðina og hvernig best yrði staðið að því að ráðstafa lausum íbúðum í Sundabúð. Einnig kom fram sú ábending að skrifa bréf til íbúa 67 ára og eldri, þar sem settar væru fram upplýsingar um íbúðirnar.

Hreppsnefnd var sammála því að kannaðir yrðu möguleikar á að stækka íbúðir í Sundabúð I. Sveitarstjóra falið að hafa samband við arkitekt húsanna í því sambandi.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 22. feb.sl. Samþykkt.

4. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 21. feb. sl. Spurt var um rif á gömlu lýsisbryggjunni. Sveitarstjóri, svaraði framkominni fyrirspurn. Lagt fram til kynningar.

5. mál. Fundargerðir félagsmálanefndar frá 19. og 26. feb.sl. Varðandi 4. tl. fundargerðarinnar frá 26. feb. sl., forvarnarstefna Vopnafjarðarhrepps var sveitarstjóra falið að vinna að framgangi stefnunnar.

6. mál. Fundargerðir starfshóps hreppsnefndar, vegna atvinnumála frá 21. feb. sl., 1. mars og 7. mars sl. Lagt fram til kynningar

7. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 22. feb. sl. og 5. mars sl. Lagt fram til kynningar

8. mál. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 4. og 11. mars sl. Lagt fram til kynningar.

9. mál. Brunavarnir, endurnýjun samnings. Samþykkt að fela sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra að ganga til samninga um framlengingu á samningi við Skeggjastaðahrepp og Þórshafnarhrepp á sambærilegum nótum og gilt hafa fram að þessu. Framlengingin verði gerð til eins árs.

10. mál. Ungmenna-og íþróttasamband Austurlands. Bréf dags. 12. feb. sl., þar sem spurst er fyrir um afnot á íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Samþykkt að taka upp samræður við ÚÍA hvað þetta varðar.

11. mál. Forathugun á fráveitumálum á Vopnafirði, skýrsla unnin af Verkfræðistofu Austurlands og Línuhönnun fyrir Vopnafjarðarhrepp, dags. des. 2001. Í skýrslunni er tekið á heildarskipulagi fráveitukerfa í sveitarfélaginu til framtíðar.

Lögð fram til kynningar.

12. mál. Íbúðalánasjóður samræmdar reglur um útreikning á húsaleigu.

Lagðar fram samræmdar reglur Íbúðalánasjóðs um útreikning á húsaleigu á félagslegu húsnæði dags. 5. feb. Reglur þessar hafa og verið kynntar í félagsmálanefnd. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna samræmdar reglur fyrir húsaleigu félaglegra íbúða í eigu Vopnafjarðarhrepps, er taki mið af reglum Íbúðalánasjóðs. Tillögurnar verði síðan lagðar fram til samþykktar á næsta fundi hreppsnefndar.

13. mál. Umsögn um frumvarp til hafnarlaga og samgönguáætlun. Lögð fram umsögn hafnarnefndar um frumvarp til hafnarlaga dags. 10. mars sl., sem send hefur verið samgöngunefnd Alþingis. Hreppsnefnd samþykkir fram komna umsögn og gerir hana að sinni. Jafnframt lögð fram svofelld tillaga að umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun og tillögu stýrihóps um samgönguáætlun 2003-2014:

"Í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um samgönguáætlun er verið að leitast við að samræma áætlanagerð í samgöngumálum í landinu. Samkvæmt frumvarpinu verður áætlunin unnin til 12 ára í senn og skipt upp í þrjú fjögurra ára áætlunartímabil sem skiptast upp í flugmálaáætlun, siglinngamálaáætlun og vegáætlun.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar getur fyrir sitt leyti mælt með slíkum heildarramma um áætlanagerð fyrir samgöngur í lofti, láði og legi og telur að slík heildaryfirsýn geti verið til bóta.

Hreppsnefndin vill þó mótmæla harðlega hugmyndum, sem fram koma í tillögum stýrihóps um Samgönguáætlun 2003-2014 frá des. sl., þar sem ráð er fyrir því gert að grunnnet flugsamgangna verði með þeim hætti að í stað 13 áætlunarflugvalla verði slíkir flugvellir 10. Einkum og sér í lagi er því mótmælt að í hinu nýja grunnneti er ráðgert að skera út áætlunarflug til Vopnafjarðar. Tillögur af þessu tagi virðast ekki taka á því hvert markmiðið með slíku flugi er. Á það skal sérstaklega bent að hvergi á landinu er um lengri fjallvegi að fara en frá Vopnafirði til næstu flugvalla. Ennfremur er Vopnafjörður eins langt frá höfuðborginni eins og mögulegt er, en þar er eins og kunnugt er meginhluti allrar opinberrar stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu, sem landsmenn allir þurfa að nýta sér.

Tilgangur og megin markmið með lagasetningu um samræmda samgönguáætlun hlýtur að vera að bæta samgöngur en ekki til þess að gera þær verri en þær eru í dag".

Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt samhljóða

14. mál. Bréf dags. 4. mars sl., varðandi verðlaun fyrir veiddar tófur. Samþykkt að sveitarstjóri og Emil Sigurjónsson geri tillögu að framkvæmd málsins.

15. mál. Bréf landbúnaðarnefndar frá 23. feb. sl. varðandi þátttöku í landgræðsluverkefni.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og sveitarstjóra falið ásamt formanni landbúnaðarnefndar að ræða við Landgræðslu ríkisins um framvindu málsins.

16. mál. Bréf til Byggðastofnunar frá 4. mars sl. varðandi aðkomu Byggðastofnunar að

hlutabréfakaupum í Tanga hf., en sem kunnugt er hefur verið óskað eftir móttframlagi Byggðastofnunar á móti framlagi heimamanna inn í fjárfestingar -og eignarhaldsfélagið Skiphólma ehf. Erindið hefur verið til umfjöllunar í Byggðastofnun frá 4. nóv. sl. Sveitarstjóri kynnti málið.

Honum var síðan falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fjármagna kaupin tímabundið, þar til niðurstaða Byggðastofnunar liggur fyrir.

17. mál. Bréf dags. 22. feb. sl., frá ráðherraskipaðri nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum.

Vísað til félagsmálanefndar.

18. mál. Samband ísl. sveitarfélaga bréf dags. 4. mars sl. varðandi aðgengi fatlaðra að kjörstöðum. Lagt fram til kynningar.

19. mál. Kaupvangur, framkvæmdir. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur ákveðið að bjóða út verkið Kaupvangur, Vopnafirði, viðgerð innanhúss, skv. útboðsgögnum dags. í nóv. 2001, sem unnin eru af Teiknistofunni Óðinstorgi, Hjörleifur Stefánssyni, arkitekt og Raftæknistofunni. Einum verktaka Mælifelli ehf. verði gefinn kostur á að bjóða í verkið á móti kostnaðaráætlun.

Þar sem fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda við Kaupvang hafa breyst, gilda ekki ákvæði um skilátíma verksins og aðrar dagsetningar sem koma fram í útboðsgögnum. Þegar viðunandi tilboð hefur borist í verkið verður því nánar ákveðið með skiptingu verksins í áfanga og tímamörk þeirra, þó með fyrirvara um opinberar fjárveitingar til verksins á næstu árum.”

Tillagan samþykkt með sex atkvæðum

Steindór Sveinsson sat hjá við afgreiðslu málsins

20. mál. Ýmsar fundargerðir o.fl.

a) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 6. feb. sl.

b) Fundargerð hafnarsambands sveitarfélaga frá 8. feb. sl.

c) Samband ísl sveiarfélaga dags. 1. feb. varðandi ráðstefnu um umhverfismál.

d) Bréf SSA, dags. 7. mars sl., ásamt 1) Fundargerð stjórnar SSA frá 14. feb. sl., 2) Samantekt tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 3) Frumvarp til nýrra hafnarlaga; umsögn SASSA.

Fleira ekki og fundi slitið.